

**45. SAMBANDSRÁÐSFUNDUR UMFÍ
HÓTEL VARMALAND, BORGARBYGGÐ, 12. OKTÓBER 2024****DAGSKRÁ**

10:00 **Fundarsetning**
Kosning starfsmanna fundarins
Fundarstjóri
Fundarritari

Yfirlit yfir störf frá síðasta þingi

Skýrsla stjórnar
Reikningar lagðir fram
Umræður
Afgreiðsla reikninga

Mál lögð fyrir fundinn

Fjárhagsáætlun
Önnur mál frá stjórn
Erindi og mál frá sambandsaðilum
Umræður

12:30 Hádegishlé

Nefndarstörf

Umræður og afgreiðsla mála
Kynning og umræður
- Mót UMFÍ
- Íþrótta- og æskulýðslög
- Svæðisstöðvar íþróttahéraða

16:00 Fundarslit

Sambandsráð er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga. Það er skipað formönnum sambandsaðila eða varamönnum þeirra ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar.

Kvöldið fyrir fundinn bauð UMFÍ til kvöldverðar á Hótel Varmalandi. Hann sátu, auk fulltrúa sambandsaðila, sveitarstjóri Borgarbyggðar, stjórn UMSSB, fulltrúar svæðisstöðva og verkefnastjóri þeirra.

FUNDARSETNING

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ setti 45. sambandsráðsfund UMFÍ og sagði þessi orð:

Kæru ungmennafélagar!

Verið öll hjartanlega velkomin á 45. sambandsráðsfund UMFÍ hér að Varmalandi sem er á sambandssvæði Ungmennasambands Borgarfjarðar.

Ég býð fulltrúa Íþróttabandalags Reykjanesbæjar og Íþróttabandalags Suðurnesja sérstaklega velkomin í hópinn en þessi tvö íþróttahéruð bættust í raðir UMFÍ á þessu ári. Með innkomu þeirra breyttist í raun heilmargt. Í stuttu máli má segja að félög sem voru með beina aðild að UMFÍ færðust undir héruð sín. Við það eru öll félög á Reykjanesi orðin aðilar að ungmennafélagshreyfingunni. Í dag stendur aðeins eitt íþróttahérað utan UMFÍ. Það er Íþróttabandalag Vestmannaeyja – auk eins félags með beina aðild. Hreyfingin hefur stækkað mikið á síðustu árum og vettvangur okkar er orðinn gríðarlega víðfeðmur og öflugur. Það skiptir okkur miklu máli, af því að saman erum við sterkari.

Þessar breytingar eru hluti af þeirri vegferð sem við hófum fyrir nokkuð löngu síðan en staðfestum svo fyrir ári þegar íþróttahreyfingin samþykkti samhljóða á þingum UMFÍ og ÍSÍ að gera breytingar á lottógreiðslum. Breytingin grundvallast á því að við öll innan íþróttahreyfingarinnar sitjum við sama borð þegar kemur að útteilingu hlutdeildar í ábata af rekstri Íslenskrar getspár. Þær breytingar leystu úr læðingi mögulega þróun sem áður hafði verið í spennitreyju stöðnunar. Árangurinn af þessari ákvörðun er því þegar farinn að koma í ljós.

Stærsta verkefni vegferðarinnar fram undan felst í því að halda áfram að virkja svæðisstöðvar íþróttahéraðanna og nýta tækifærin sem þau bjóða upp á. Tilgangurinn er að þær styðji íþróttahéruðin í því markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna í íþróttastarfi með sérstaka áherslu á þátttöku fatlaðra barna, barna af tekjulægri heimilum og barna af erlendum uppruna. Með þessu fyrirkomulagi má ná markmiðum sem stjórnvöld hafa sett með lögum um farsæld barna, íþróttalögum, íþróttastefnu ríkisins og byggðaáætlun.

Markmið svæðisstöðvanna er:

- að efla íþróttastarf á landsvísu með því að þjónusta íþróttahéruð og félög á viðkomandi svæðum með samræmdum hætti
- að nýta mannauð betur, auka stuðning við einstaka íþróttafélög og bæta þjónustu til iðkenda
- að sem flestir hafi tækifæri til að stunda íþróttir á því sviði sem þeir kjósa, hvort heldur til ánægju, heilsuþótar eða með afreksárangur að markmiði.

Til að þetta verkefni takist sem best verðum við öll að taka höndum saman og ná þeim markmiðum sem sett eru til að stuðla að frekari framgangi verkefnisins til framtíðar.

Íþróttahreyfingin hefur sýnt að þegar hún snýr bökum saman og virkjar þann kraft sem í henni felst þá er hún hrikalega öflug - saman. Með gildi okkar að leiðarljósi eru okkur allir vegir færir – en aðeins ef við stöndum saman.

Breytingar á lottógreiðslum komu til framkvæmda í júlí, rúmum sjö mánuðum eftir að nýtt fyrirkomulag var samþykkt. Við vitum að raunveruleikinn getur verið kaldur og það reynir á þegar lægri fjárhæðir verða til ráðstöfunar hjá héruðum og félögum.

Greiningar okkar sýna að skiptihlutföll til sambandsaðila og greiðslur til einstakra héraða eru í samræmi við þær kynningar sem lagðar voru fyrir þingið í fyrra. Stærsta frávikið liggur í fjárhæð samningsins sem náðist við stjórnvöld en sá samningur er í raun nokkuð hærri en gert var ráð fyrir.

Auk þess kom einnig til viðbótar fjármagn inn í nýjan hvatasjóð. Í því sambandi er líka gaman að segja frá því að til stendur að auglýsa fyrstu úthlutun úr honum fljótlega.

En þó að þessi ábati bæti í heildarfjármagn íþróttahreyfingarinnar - og leysi ákveðin verkefni - þá er hann ekki að grípa ýmsar aðrar áskoranir sem við í íþróttahreyfingunni stöndum frammi fyrir á hverjum degi.

Augljóst er að til að tryggja óbreytt ástand - og ég tala nú ekki um að bæta í - þá þarf íþróttahreyfingin verulega aukinn stuðning. En til að ná árangri í auknum stuðningi þá verðum við í íþróttahreyfingunni að sammælast um hvað við setjum á oddinn og þar verðum við að nýta okkur svæðisstöðvar og þingmannavikur til að koma sameiginlegum boðskap okkar á framfæri. Það á sérstaklega við nú þegar á starfsárinu verða kosningar. Við þurfum að koma íþróttamálum betur á dagskrá.

Nú þegar við erum ekki föst í lottóumræðum höfum við tækifæri til að láta reyna á að fá endurgreidd launatengd gjöld í íþróttahreyfingunni, fá aukinn ferðastyrk eða endurgreiðslu virðisaukaskatts. En til að það takist verðum við að vera samstíga og taka eitt skref í einu. Ákveða hvað er líklegast til að skila mestum árangri fyrir heildina og sækja þar fram – við verðum að gera það saman.

Annasamt ár er að baki. Við höfum haldið nokkrar ráðstefnur, með annarri og ein, fyrir alla og svo sérstaklega ráðstefnur fyrir ungmenni og konur í íþróttum. Við höfum líka haldið fjóra íþróttaviðburði af öllum stærðum og gerðum sem tengjast landsmótunum okkar. Innan við mánuður er síðan ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðheilsa fór fram á Reykjum í Hrútafirði og var metþátttaka á hana þetta árið. Orðspor hennar hefur vaxið ár frá ári og segja má að hún endurspegli starfsemi UMFÍ frábærlega. Þá má ekki gleyma útgáfu á Skinfaxa og móttöku á hátt í 4.000 nemendum í skólabúðirnar. Af fjölmörgu er að taka og ekki hægt að telja upp öll handtökin.

Ég vil nota þetta tækifæri og biðja ykkur um að klappa með mér fyrir starfsfólki hreyfingarinnar auk allra þeirra sem koma einnig að þessum viðburðum og þakka þannig fyrir þau frábæru störf sem þau leggja að mörkum til að gera þessa atburði að veruleika.

Íþróttahreyfingin og í raun samfélagið allt stendur frammi fyrir nýjum áskorunum. Hræðilegir atburðir hafa skekið samfélagið. Við erum öll sammála um að slíkt ástand viljum við ekki. Íþróttahreyfingin, íþróttafélögin og öll sem starfa innan skipulags íþrótt- og ungmennastarfs höfum mikilvægu hlutverki að gegna. Þegar hryktir í stöðum samfélagsins þá eigum við að styrkja þær því að við vitum að tólin okkar og aðferðir virka.

Við heyrum og finnum sjálf að starfið er að þyngjast. Kröfur aukast og það er ekki sjálfgefið að fólk hafi svigrúm til að gefa af tíma sínum og efnahagsástandið hefur leitt til þess að erfitt er að fá styrki. Reksturinn er allur að þyngjast. En flest okkar hafa verið lengi í þessu hlutverki og við þekkjum að þessi orðræða er ekkert ný af nálinni.

Í nýútkominni bók um Lýðræði í mótun segir frá afstöðu Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili sem saknaði kvöldvaka á heimilum fólks. Vinnukappið væri nú svo miklu minna, rímnakveðskapurinn að hverfa og nú læsi hver með sjálfum sér í sínu horni.

Það skýrir myndina mögulega eitthvað að Jónas var þarna að tala um skil tveggja heima um miðja nítjándu öld, þegar tími torfbæja var að líða undir lok, baðstofur að hverfa, á tímum þegar heimilisfaðirinn réð ekki lengur einn yfir takmarkaðri ljóstýrunni og nýtti hana til að lesa í baðstofunni fyrir heimilisfólki úr Fornaldarsögum Norðurlanda, Konungasögum og Biblíunni.

Þetta voru áratugirnir þegar hús voru tekin að rísa, með herbergjum fyrir einstaklinga og steinolíulampa sem gerðu það að verkum að fleiri gátu lesið hvað þeir vildu undir björtum loga. Eitthvað var að gerast í samfélaginu – og fólk óttaðist breytingarnar, það sem koma skyldi.

Tryggvi Gunnarsson, sem er ungmennafélagshreyfingunni að góðu kunnur, fann einnig hjá sér þörfina til að setjast niður og skrifa sjálfum Jóni Sigurðssyni, oft nefndum forseta, bréf og segja honum frá þeim vanda sem steðjaði að í samfélaginu. Nú væri svo komið að greina mætti skort á félagslegum tengslum. Sökum fólksfæðar og því sem kalla mætti nýjungar hittist fólk minna en áður, væri jafnvel einangrað á heimilum sínum og hitti sjaldan aðra en sitt heimafólk. Þetta var árið 1861.

Tímamót eru af ýmsu tagi og þeim fylgir ævinlega umrót og óvissa. Ég leyfi mér þó að efast um að margir, ef nokkur, vilji samt sem áður hverfa aftur til baðstofunnar þó að hún hafi vissulega umvafið fjölskyldur á sínum tíma.

Enn er eitthvað í loftinu og við í ungmennafélagshreyfingunni stöndum nú sem endranær frammi fyrir fjölmörgum verkefnum og áskorunum. Okkur hafa borist til eyrna ábendingar um ýmis mál, svo sem afgreiðslu umsókna í fræðslu- og verkefnasjóð. Laganefnd stefnir á endurskoðun laga UMFÍ með samlestri við góða stjórnarhætti. Huga þarf að íþróttamótunum okkar og við þurfum að vera undirbúin því að lagaumhverfi íþróttahreyfingarinnar verði breytt á Alþingi. Þreifingar hafa verið um lóðarleigusamning vegna Þrastarlundar eftir ítrekuð vanskil. Bragarbót hefur verið gerð á greiðslum og unnið er að nánari útfærslu samningsins m.a. til úrbóta fyrir UMFÍ. Þá hefur fjárhags- og greiningarnefnd haft til skoðunar að breyta skipulagi Þrastaskógar þannig að heimilt verði að byggja sumarhús í norðausturhluta svæðisins.

Enn er sótt að hreyfingunni í umræðu um veðmálastarfsemi og er að mínu mati nauðsynlegt að standa vörð um þennan tekjustofn. Því er ekki að neita að ég sakna þess að það skuli ekki vera fleiri í hreyfingunni sem láti sig veðmálaumræðuna varða á opinberum vettvangi. Verði slík starfsemi opnuð með orðskráði viðskiptafrelsis þá tel ég einsýnt að tekjur hreyfingarinnar muni lækka. Að því sögðu er ég ekki að útiloka að mögulega kunni einstaka greinar eða félög að fá hærri fjárhæð til ráðstöfunar en er í dag en ég er sannfærður um að hreyfingin í heild muni bera skarðan hlut frá borði. Vonir um auknar tekjur í auglýsingum eða frekari stuðning stjórnvalda við málaflokkinn tel ég í besta falli huggunarorð því ekkert hefur stoppað þessa aðila frá því að styðja hreyfinguna í núverandi ástandi ef viljinn væri til staðar. Þvert á móti þá hefur stuðningur ríkisins við UMFÍ lent á verðbólguhálinu og munar tugum milljóna lægri fjárhæð á raunvirði á nokkurra ára tímabili.

Á þessum fundi liggur fjölmargt fyrir en þrátt fyrir að hann kunni að verða erilsamur með tilheyrandi áskorunum og skiptum skoðunum vona ég að hann verði umfram allt skemmtilegur og gefandi.

Ég kalla því eftir að heyra sjónarmið ykkar og fá tillögur um það sem betur mætti fara og hlakka til að taka umræðuna hér í dag varðandi allt það sem ykkur liggur á hjarta. Með samtali og uppbyggilegri gagnrýni gerum við starf hreyfingarinnar okkar enn betra – Það er ungmennafélagsandinn í verki.

Kæru ungmennafélagar: Grípum tækifærin, vinnum saman og gerum lífið betra. Það er samfélaginu til góða. Íslandi allt

KOSNING STARFSMANNA FUNDARINS

Fundarstjóri: Gunnar Sigurðarson var kosinn fundarstjóri.

Fundarritari: Sigurður Óskar Jónsson UMFÍ/USÚ var kosinn fundarritari.

Fundarstjóri þakkaði traustið og sagði frá tengslum sínum við Íþróttahreyfinguna. Hann er í forsvari fyrir lítið félag í Reykjavík og er ánægður með að fá lottópeninga inn á reikninginn reglulega og gott bakland í Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

YFIRLIT YFIR STÖRF FRÁ SÍÐASTA ÞINGI

SKÝRSLA STJÓRNAR

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar. Í skýrslunni er farið yfir helstu verkefni hreyfingarinnar frá síðasta sambandsþingi. Skýrslan skiptist upp í nokkra kafla; stefnumótun, mótahald og viðburði, fræðslu og forvarnir, miðlun og samskipti, rekstur og mannaúð.

Skýrslu stjórnar er hægt að lesa í heild sinni á vefsíðu UMFÍ.

REIKNINGAR LAGÐIR FRAM

Guðmundur G. Sigurbergsson gjaldkeri UMFÍ, gerði grein fyrir ársreikningi UMFÍ fyrir árið 2023. Tekjur umfram gjöld árið 2023 voru 29.793.660 kr. Rekstrarniðurstaða án fjármuna og fjármagnsliða var 2.307.068 kr. Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf. var jákvæð um 2.753.754 og heildarafkoma ársins því jákvæð um 32.574.414 kr. Eiginfjárhlutfall er 83% og veltufjárhlutfall er 3,78.

UMRÆÐUR UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG REIKNINGA

Enginn kvaddi sér hljóðs svo farið var beint í afgreiðslu reikninga.

AFGREIÐSLA REIKNINGA

Ársreikningur UMFÍ 2023 var borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

MÁL LÖGÐ FYRIR FUNDINN

Mál lögð fyrir frá stjórn: Fundarstjóri kynnti þær tillögur sem lágu fyrir, að fjárhagsáætlun undanskilinni, sem Guðmundur G. Sigurbergsson gjaldkeri UMFÍ kynnti.

Erindi og mál frá sambandsaðilum voru engin

TILLAGA NR. 1

FJÁRHAGSÁÆTLUN

45. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn að Varmalandi, 12. október 2024 samþykkir fjárhagsáætlun 2025.

Yfirlit um rekstraráætlun 2025

	2025 áætlun	2024 áætlun	2023 Raun
Rekstrartekjur			
Ríkisframlag	133.522.000	133.522.000	133.522.000
Lottó og getraunir	321.000.000	306.000.000	384.009.479
Þátttökgjöld	136.235.200	120.954.880	159.867.972
Aðrar tekjur	140.604.916	123.587.370	155.229.260
	731.362.116	684.064.250	832.628.711
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	227.016.000	207.991.591	199.883.498
Lottó til sambandsaðila	248.850.000	237.000.000	297.047.489
Annar rekstrarkostnaður	226.881.956	211.001.333	296.045.444
Veittir styrkir	26.700.000	26.700.000	35.702.212
Afskriftir	1.200.000	1.200.000	1.643.000
	730.647.956	683.892.924	830.321.643
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	714.160	3.557.501	2.307.068
Fjármagnstekjur	20.650.000	9.260.000	28.043.098
Fjármagnsgjöld	-1.200.000	-1.200.000	-556.506
	19.450.000	8.060.000	27.486.592
Rekstrarniðurstaða ársins	20.164.160	11.617.501	29.793.660

Yfirlit um rekstraráætlun 2025

	Aðalsjóður	Reykir	Fræðsla og kynningarmál	Mótahald og viðburðir	Fræðsla & verkefni	Umhverfis-sjóður	2025 áætlun
Rekstrartekjur							
Ríkisframlag	58.322.000	10.200.000	45.000.000	20.000.000			133.522.000
Lottó og getraunir	298.950.000				22.050.000		321.000.000
Þátttökugjöld		126.995.200	600.000	8.640.000			136.235.200
Aðrar tekjur	20.500.000	83.654.916	21.400.000	13.850.000		1.200.000	140.604.916
Rekstrargjöld	377.772.000	220.850.116	67.000.000	42.490.000	22.050.000	1.200.000	731.362.116
Laun og launatengd gjöld	68.336.000	93.680.000	45.000.000	20.000.000			227.016.000
Lottó til sambandsdila	248.850.000						248.850.000
Aðrar rekstrarkostnaður	49.508.000	121.663.956	26.420.000	28.740.000	500.000	50.000	226.881.956
Veittir styrkir	2.700.000		3.000.000		20.000.000	1.000.000	26.700.000
Afskriftir	1.200.000						1.200.000
	370.594.000	215.343.956	74.420.000	48.740.000	20.500.000	1.050.000	730.647.956
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsiðða	7.178.000	5.506.160	-7.420.000	-6.250.000	1.550.000	150.000	714.160
Fjármagnstekjur	20.000.000				350.000	300.000	20.650.000
Fjármagnsgjöld	-1.200.000						-1.200.000
	18.800.000				350.000	300.000	19.450.000
Rekstrarniðurstaða ársins	25.978.000	5.506.160	-7.420.000	-6.250.000	1.900.000	450.000	20.164.160

TILLAGA NR. 2**SVÆDISSTÖÐVAR ÍPRÓTTAHÉRAÐA**

45. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn að Varmalandi, 12. október 2024, færir ráðherra þakkir fyrir skjót viðbrögð og í framhaldinu stuðning í tengslum við samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ varðandi svæðisstöðvar íþróttahéraða og stofnun hvatasjóðs til þess að styrkja enn frekar áherslur verkefnisins.

Greinargerð: Tillögur voru samþykktar á þingum UMFÍ og ÍSÍ í maí og október 2023. Í desember 2023 var undirritaður samningur við barna- og menntamálaráðuneytið varðandi fjárhagslegan stuðning til verkefnisins í tvö ár og stofnun hvatasjóðs.

TILLAGA NR. 3**STUÐNINGUR VIÐ SKIPULAGT ÍPRÓTTA OG ÆSKULÝÐSSTARF**

45. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn að Varmalandi, 12. október 2024, beinir því til stjórnvalda við meðferð fjárlaga að fjárhagslegur stuðningur við UMFÍ og önnur samtök í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi hækki í samræmi við verðlagsþróun.

Greinargerð: Fjárlög 2025 hafa verið lög fram. Við skoðun á þeim kemur í ljós að áætluð fjárframlög til þeirra samtaka sem eru með samning við mennta og barnamálaráðuneytið er áætluð óbreytt. Þessar áherslur í fjárlögum eru ekki nýtilkomnar og þegar litið er til síðustu 15 ára þá hefur framlagið breyst örlítið og í engu samræmi við verðlagsþróun. Í raun er um verulegar skerðingar að ræða til allra samtakanna. Niðurstöður íslenskra og erlendra rannsókna sýna ótvírætt fram á ávinning fyrir samfélagið af skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi og þess vegna þarf að halda áfram þeim stuðningi. Til þess að ná frekari árangri er nauðsynlegt að bæta við stuðninginn. Sýnt hefur verið fram á að hver króna sem sett er í skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf skilar sér margfalt til baka til samfélagsins.

TILLAGA NR. 4**ÞRASTASKÓGUR OG ÞRASTALUNDUR**

45. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn að Varmalandi, 12. október 2024 hvetur stjórn UMFÍ til þess að gæta hagsmuna hreyfingarinnar í málefnum er varða Þrastaskóg og Þrastalund.

Greinargerð: Á árinu 2014 var húsnæði Þrastalundar selt en landið sem húsið stendur á er leigt kaupanda hússins. Einnig var gerður rekstrarleigusamningur um tjaldsvæðið í Þrastaskógi.

Á sambandsþingi UMFÍ 2023 var samþykkt að fela stjórn að rifta rekstrarsamningi um tjaldsvæðið og að láta fjarlægja óleyfisframkvæmdir á svæðinu. Í kjölfar þingsins í fyrra hafa samskipti verið töluverð og mat stjórnar að hagsmunum UMFÍ á svæðinu sé mögulega betur borgið með því að bæta samningsstöðu UMFÍ og uppfæra þá samninga sem í gildi eru.

TILLAGA NR. 5

ÁFENGISSALA Á ÍPRÓTTAVIÐBURÐUM

45. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn að Varmalandi, 12. október 2024, hvetur aðildarfélög, sem selja áfengi á viðburðum sínum til þess að tryggja aðstæður barna og ungmenna sem mæta á íþróttaviðburði.

Greinargerð: Íþrótta- og ungmennafélög hafa í auknum mæli að undanfögnu hafið og/eða aukið sölu á áfengum drykkjum á íþróttaviðburðum sínum. Mikilvægt er að ef félög velja að selja áfengi þá sé slík sala aðskilin frá annarri sölu og þjónustu og að börn og ungmenni sem sækja viðburðina geti gert slíkt örugg og án þess áreitis sem fylgir slíkri sölu.

AFGREIÐSLA MÁLA

Tillaga 2:

Engilbert Olgeirsson HSK lagði til að í tillögunni yrði tilgreint um hvaða ráðherra væri að ræða, þ.e. mennta- og barnamálaráðherra.

TILLAGA NR. 2

SVÆDISSTÖÐVAR ÍPRÓTTAHERAÐA

45. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn að Varmalandi, 12. október 2024, færir mennta- og barnamálaráðherra þakkir fyrir skjót viðbrögð og í framhaldinu stuðning í tengslum við samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ varðandi svædisstöðvar íþróttahéraða og stofnun hvatasjóðs til þess að styrkja enn frekar áherslur verkefnisins.

Breytingatillaga Engilberts var samþykkt samhljóða sem og tillagan í heild.

Tillaga 3:

Samþykkt samhljóða

Tillaga 4:

Ragnheiður Högnadóttir UMFÍ er hissa á að enginn í salnum hafi áhuga á að ræða málefni Þrastalundar og hvatti fundarmenn til að ræða málið.

Einar Kristján Jónsson Vesturhlíð segir Þrastaskóg hafa verið eitt stórt vandamál frá því hreyfingin byggði Þrastalund á sínum tíma. Vesturhlíð sá um svæðið um tíma, en allt hefur verið á niðurleið síðan 2014. Hann segir stöðuna núna vera ákveðna þrautaleið og það sé slæmt hvernig stjórn og hreyfingin hefur þurft að sinna þessum málum á undangengnum misserum. Hlutir hafi verið byggðir þarna í óleyfi, bæði gagnvart landeiganda og sveitarfélags. Hann hvetur fundinn til að samþykkja tillöguna og fundarstjóra til að hleypa fulltrúum HSK ekki í ræðupúlt til að ræða málið.

Fundarstjóri varð ekki við þeirri beiðni og benti Einari á að hann æfir karate.

Helgi Sigurður Haraldsson HSK segir að hreyfingin ætti ekki að kaupa Þrastalund til baka, enda hafi hún ekki efni á því. Þrastalundur er eitt mál og Þrastaskógur annað. Hann vilji frekar einblína á málefni skógarins og sér ekki fyrir sér að þarna verði rekið tjaldsvæði. Betur færi á að halda áfram grisjun og bæta göngustíga til að nýta svæðið betur til útivistar. Verkefnið sé þó einnig að losna við leigjandann í Þrastalundi. Réttast væri að ræða við Landsbankann, nágranna svæðisins, um það hvort einhver samlegðaráhrif gætu orðið með framtíðaráformum hans og hugmyndum UMFÍ.

Snjólaug M. Jónsdóttir USAH spyr hvað gæti verið innifalið í hugmyndum um endurnýjun sammingsins.

Guðmundur G. Sigurbergsson UMFÍ svarar því að núverandi leigutaki hafi óskað eftir leyfi til breytingar á aðalskipulagi á svæðinu og að viðræður séu í gangi um það. Þar ræðir aðallega um hækkunar á lóðaleigu. Samtalið er í gangi og tillagan gengur út á að stjórn hafi stuðning til að halda því áfram. Leigusamningurinn gildir í 40 ár til viðbótar.

Einar Kristján Jónsson Vesturhlíð þakkar stjórn fyrir þann hlýhug sem hún hefur sýnt skóginum undanfarin ár. Milljónum hefur verið varið grisjun og ber að þakka fyrir það sem vel er gert. Hann tekur undir að ekki sé unnt að breyta eignarhaldi söluskálans.

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ þakkaði góð orð frá Einari Kristjáni og sagði málið hafa verið talsverða þrautagöngu. Leigusamningur liggur fyrir og markmið stjórnar að gera eins gott úr málinu eins og hægt er. Það skiptir máli að sem flestir séu sáttir við það sem ákveðið er og þess vegna hefur þetta mál verið rætt á undanförunum sambandsþingum og sambandsráðsfundum. Kjarni málsins er að stjórn fái áframhaldandi stuðning í málinu.

Tillagan borin upp til samþykktar – samþykkt samhljóða.

Tillaga 5:

Helgi Sigurður Haraldsson HSK segir tillöguna ágæta sem slíka, en hljómi þó frekar eins og það sé verið að segja að þetta sé bara allt í lagi, bara ef það er gert fjarri börnum og ungmennum. Honum finnst að réttara sé að byrja á að ræða hvort hreyfingin vill að yfir höfuð sé heimilt að áfengi sé selt á íþróttaviðburðum.

Ingvar Sverrisson ÍBR tengir þessa tillögu við greinargerð í tillögu 3, um að hver króna sem sett er í hreyfinguna skili sér margfalt til baka. Hann tekur svo annars undir með Helga, að hálfpartinn sé verið að gefast upp og segja að félög megi gera þetta, bara ef þau geri þetta á ákveðinn hátt. Hann sagði frá formannafundi ÍBR sem haldinn var í vikunni. Þar var þetta meginfundarefnið. ÍBR hefur nefnilega fengið beiðni frá Reykjavíkurborg um umsögn um ósk KSÍ til varanlegs áfengissöluleyfis. Annar hluti vandamálsins er að sumir fari á barinn fyrir leiki og mæti jafnvel ölvaðir á kappleiki. Mögulega væri betra að bjóða frekar upp á bjór með lægra áfengishlutfalli á viðburðunum. Á fundinum hefði komið fram ákall um að betri rammi væri settur utan um þessi mál. Honum finnst tillagan eins og hún er sett fram of veik, en er ekki með breytingatillögu að svo stöddu.

Petra Ruth Rúnarsdóttir ÍS, sem er líka starfsmaður svæðisstöðva ÍSÍ og UMFÍ, tekur undir með Ingvari. Félagin sem hún hefur rætt við hafa einnig kallað eftir betri ramma. Jafnvel væru dæmi um að fólk kæmi með sitt eigið áfengi í stúkuna.

Helgi Sigurður Haraldsson HSK bætti við að misjafnt væri milli héraða og félaga hverjir eigi íþróttamannvirkin. Á Selfossi er það t.d. alveg ljóst að áfengissala verður ekki heimilud í húsnæði sem sveitarfélagið á. Hann lagði til að tillögunni yrði vísað frá, en í staðinn yrði búinn til vinnuhópur sem fengi það hlutverk að útbúa tillögur að ramma utan um áfengissölu á íþróttaviðburðum.

Ómar Eyjólfsson USVH speglaði áfengismálin í lottómálunum og getraunum. Allt eru þetta tekjuöflunarleiðir. Rammi sé utan um lottóið, en þörf er á betri ramma um áfengismálin.

Snjólaug M. Jónsdóttir USAH segir að sér hafi aldrei fundist áfengi og íþróttir eiga samleið. Því miður sé aldrei hægt að halda 100% utan um þessi mál frekar en önnur. Hún spyr hvort hægt sé að tryggja farsæld barna með því að leyfa sölu áfengis á íþróttaviðburðum.

Ómar Bragi Stefánsson UMFÍ segir að ungmennafélagshreyfingin hafi ákveðin gildi sem okkur sé skylt að verja og framfylgja. Hann er sammála Snjólaugu um að í sínu hjarta eigi áfengi og íþróttir ekki saman. Hann horfir til framtíðar og segir hreyfinguna verða að halda umræðunni gangandi. Við þurfum að vera heiðarleg og skynsamleg og það þarf að vera hægt að horfa til ungmennafélagshreyfingarinnar um hvað rétt sé að gera.

Einar Kristján Jónsson Vesturhlíð ræddi um fundarstjórn og að rétt hefði verið að bera frávísunartillögu upp strax og hún barst.

Ingvar Sverrisson ÍBR þakkaði fyrir umræðuna. Hann telur að nauðsynlegt sé að halda áfram að ræða málið. Hann hrósaði líka framkvæmdastjóra fyrir sitt framlag í sjónvarpsþættinum Torginu fyrir stuttu síðan. Hann tengdi málið við lottómálin, sem í sjálfu sér séu svipuð mál, en það er mun minni fíknihætta á lottóinu eins og það er rekið. Sennilega hafi áfengissala á íþróttaviðburðum hafist sem sjálfsbjargarviðleitni félaga til að afla tekna.

Guðmundur G. Sigurbergsson UMFÍ lagði fram eftirfarandi breytingatillögu:

TILLAGA NR. 5

ÁFENGISSALA Á ÍÞRÓTTAVIÐBURÐUM

45. sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn að Varmalandi, 12. október 2024, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að skipa starfshóp sem fjallar um sölu áfengis á íþróttaviðburðum og hvernig hagsmunum barna og ungmenna sé best gætt í því samhengi. Starfshópurinn skili af sér á sambandsþingi 2025.

Gunnar Þór Gestsson UMFÍ benti á að hreyfingin hafi að vissu leyti tekið þessa umræðu áður, á sambandsþingi fyrir nokkrum árum, sem endurspeglast í núgildandi stefnu UMFÍ. Hann tekur undir tillögu Guðmundar.

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ segir að þessi tillaga hafi ekki komið til að ástæðuleysi. Ýmsir aðilar hafi talað við ýmsa aðila um að leyfa þetta. Þetta hafi verið rætt og verði sjálfsagt enn þá rætt. Honum finnst lykilatriði að hægt sé að ræða málið af skynsemi. Mikilvægt sé að hreyfingin komi sameinuð fram út á við, þó vissulega séu málin ekki endilega bara svört og hvít. Verið er að sækja að hreyfingunni í áfengismálum, getraunamálum, fjármögnun og verið er að breyta íþróttalögum. Mikilvægt er að umræðunni verði haldið áfram.

Óskar Þórðarson UÍF þakkaði fyrir að fá að vera hér í dag, í fyrsta skipti á UMFÍ fundi. Hann tekur undir tillögu Guðmundar, en leggur til að ÍSÍ verði boðið að vera með í vinnuhópnum. Hann fór á landsleik í knattspyrnu í gær. Þar hafi stór hópur komið á leikinn af næsta áfengissöluastað og ekkert vesen hafi verið á þeim hóp. Ramminn sé þó nauðsynlegur.

Helgi Sigurður Haraldsson HSK tekur undir að rétt sé að ÍSÍ sé með í verkefnum. Mikilvægt er að hægt sé að svara spurningunni um af hverju sé verið að setja rammann. Þetta snýst um fjármuni. Félögin eru að gera þetta af því að þau vantar peninga.

Ingvar Sverrisson ÍBR tekur undir orð síðustu ræðumanna um að hann styðji breytingatillöguna og að ÍSÍ fái að vera með í umræðunni. Hann minntist einnig á tillögur viðskiptaráðs um að veðmálastarfsemi verði gefin frjáls. Ef vefsíðurnar sem um ræðir verði lögformlega heimilaðar, sé það í rauninni fyrsta skrefið inn í það að fjárhættuspil og spilavíti verði lögleg. Spilunin í dag er ábyrg og ýtir lítið sem ekkert undir spilafíknihvata.

Árni Jóhannsson USVS lagði til breytingatillögu á breytingatillögunni þess efnis að í stað „áfengis“ stæði „skaðleg efni“.

Guðmundur G. Sigurbergsson UMFÍ bendir á að umræðan fjalli í raun um sölu á áfengi á íþróttaviðburðum, en ekki aðra sölu.

Breytingatillaga Árna um breytingar á tillögu Guðmundar felld með þorra atkvæða gegn einu.

Breytingatillaga Guðmundar samþykkt samhljóða.

Tillaga 1 – fjárhagsáætlun

Samþykkt samhljóða

AFHENDING HVATNINGARVERÐLAUNA UMFÍ

Auður Inga Þorsteinsdóttir og Jóhann Steinar Ingimundarson afhentu hvatningarverðlaun UMFÍ 2024.

Þau hlutu:

HSV – fyrir verkefni félagsmanna Íþróttafélagsins Vestra um karlahreysti, eftirtektarvert og óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.

HSS – fyrir eftirtektarvert og óeigingjarnt starf Skíðafélags Strandamanna og uppbyggingu aðstöðu þess

ÍS – fyrir óeigingjarnt starf Ungmennafélags Grindavíkur í þágu samfélagsins í tengslum við eldsumbrot og starfsemi félagsins.

Verðlaunahafar hljóta jafnframt 100.000 kr. styrk.

STEFNUMÓTUN

Jóhann Steinar Ingimundarson sagði frá stefnu UMFÍ 2022-2024 og kynnti aðgerðaáætlun sem unnið hefur verið eftir. Í stefnunni voru fimm stefnuþættir og í þeim 14 markmið, 37 undirmarkmið og um 90 aðgerðir. Í heildina er 77 af 90

aðgerðum lokið og útlit er fyrir að um 10 aðgerðum til viðbótar verði lokið á árinu. Einhverjum aðgerðum lýkur svo á næsta sambandsþingi.

Vinna við nýja stefnumótun er að fara af stað.

HÁDEGISHLÉ KL. 12:30

FUNDI FRAM HALDIÐ KL. 13:24

KYNNINGAR Á STÖRFUM NEFNDA UMFÍ OG ALMENNAR UMRÆÐUR UM KYNNINGARNAR

- Mót UMFÍ
- Íþrótt- og æskulýðslög
- Svæðisstöðvar íþróttahéraða

Mót UMFÍ

Ragnheiður Högnadóttir, formaður móta- og viðburðanefndar UMFÍ sagði frá helstu mótum og viðburðum UMFÍ.

Forsetahlaup UMFÍ hefur verið haldið í samstarfi við Forsetaembættið undanfarin þrjú ár, 2022 og 2024 á Álftanesi og 2023 á Patreksfirði.

Drulluhlaup Krónunnar hefur verið haldið í samstarfi við Krónuna undanfarin þrjú ár, öll árin í Mosfellsbæ.

Unglingalandsmót UMFÍ hefur verið haldið síðan 1992. Enginn sambandsaðili sótti um að halda mótið 2026. Aðstaðan skiptir máli, bæði fyrir keppni og tjaldsvæði.

Snjólaug M. Jónsdóttir USAH segir að það sé um að gera að halda viðburðunum áfram og velta fyrir sér hugmyndum um nýja viðburði.

Helgi Sigurður Haraldsson HSK hefur komið að því að skipuleggja unglíngalandsmót á Selfossi. Lykilatriði er að sveitarfélagið sé með í ráðum og að það sé a.m.k. þriggja ára fyrirvari á því að mótsstaður sé ákveðinn. Tjaldsvæði eru miklu stærri hluti undirbúnings mótsins heldur en margir halda. Þau þurfi í sjálfu sér ekki að vera mikið meira en venjuleg tún, sem kosti ekki svo mikið í undirbúningi. Staðallinn í keppnisaðstöðu skiptir líka máli. Mótin breytist kannski aðeins of mikið milli ára, allavega fyrir þá sem eru af alvöru í keppni. Áður en farið er í að úthluta mótunum til lengri tíma, þurfi að svara spurningum um hversu stórt hreyfingin vill að mótið sé.

Gunnar Þór Gestsson UMFÍ/UMSS er ekki sammála öllu sem Helgi segir, sem er eðlilegt í ljósi þess að mótið á Sauðárkróki 2023 var að nokkru leyti öðruvísi en á Selfossi 2022. Hann vill meina að krakkarnir séu ekki að koma til þess að vera í mikilli keppni, heldur mikið frekar fyrir upplifunina. Keppnisfyrirkomulagið á Sauðárkróki var sett upp þannig að það var auðveldara fyrir krakkana að taka þátt í mörgum greinum. Til dæmis var frjálsíþróttakeppnin á Sauðárkróki stærsta frjálsíþróttamót í sögu unglíngalandsmótanna, með um 500 þátttakendum. Gunnar tók að nokkru leyti undir orð Helga varðandi sveitarfélögin, nema að hann telur að sveitarfélög vilji enn meiri fyrirvara, jafnvel 10-20 ár. Hann telur þó að þó keppnisstaðir séu ákveðnir með löngum fyrirvara, þá sé kannski betra að opnað sé á að fleiri héruð geti haldið þau saman, eða jafnvel hreyfingin í heild. Árið 2023 var USVH og USAH t.d. boðið að hjálpa til við framkvæmd mótsins. Einnig þurfi að horfa til fjárhagsins. Það sé kannski ekki gott að einblína of mikið á styrktaraðila úr héraði,

Því þeir myndu kannski hvort eð er styrkja félög í heimabyggð. Betra gæti verið að horfa meira til styrktaraðila á landsvísu.

Ómar Bragi Stefánsson UMFÍ hefur haldið utan um mótin í 20 ár. Það er orðið erfiðara að halda stór mót og nú er svo komið að Landsmót 50+ er orðið ábatasamasta mótið. Sannleikurinn er sá að UMFÍ leggur heilmikið fjármagn og vinnu í mótin, sem fara í raun ekki inn í bókhald mótsins. Það er ekki sjálfgefið að sveitarfélög liggi á 10 hektara tjaldsvæði sem þurfi bara að nota á 5-6 ára fresti. Ein hugmynd gæti verið að UMFÍ og mótin hætti að sjá um tjaldsvæði og setja það alfarið í hendur sveitarfélaga, sem gætu þá rukkað eins og um almennt tjaldsvæði sé að ræða, séð um gæslu, rafmagn o.fl. Einnig þurfi að ræða hvort viðeigandi er að mótið endi á mengandi flugeldasýningu. Þá þarf að velta fyrir sér hvað þátttökugjaldið ætti að vera. Það hefur verið í kringum 9.000 kr. undanfarin ár, sem er mjög ódýrt miðað við allt það sem er innifalið. Einnig vakna spurningar um fjölda þátttakenda. Ef farið er mikið yfir 1.000, er hætt við að núverandi mótafyrirkomulag springi. Fjármögnunin hefur verið erfið og sífellt erfiðara að fá inn sterka styrktaraðila. Hann sagði í lokin frá skoðanakönnun sem send er út eftir hvert mót. Algengt er að 99% segist myndi mæla með mótinu. Fjöldi keppnisgreina er yfirleitt svipaður.

Bjarney Bjarnadóttir UMSB hélt mótið 2024. Þar var ákveðið að halda sig við það sem UMSB getur gert vel og sleppa öðru. Tjaldsvæðið var mikil áskorun og þarf að þurrka það betur upp. Hún telur óráðlegt að fara út í það að héruð af öllu landinu séu að halda mótin í einu, en sniðugt að aðliggjandi héraðssambönd hjálpist að. Það er að verða erfiðara og erfiðara að fá sjálfbodaliða til starfa og tók dæmi um handboltakeppnina á unglingslandsmótinu í sumar.

Ómar Eyjólfsson USVH tók undir margt af því sem Bjarney sagði, en ítrekaði að með tilkomu svæðisstöðvanna væri hægara um vik að fleiri héraðssambönd hjálpist að.

Laufey Bjarnadóttir HSH þakkaði fyrir góða kynningu. Hún talaði sem gestur tveggja unglingslandsmóta, 2023 og 2024. Henni finnst frábært hvað allir eru boðnir velkomnir, sérstaklega til að prófa nýjar greinar. HSH hélt 50+ mótið í Stykkishólmi í fyrra sem gekk vel. Henni list vel á hugmyndir um að fleiri en eitt íþróttahérað sameinist um mót.

Engilbert Olgeirsson HSK rifjaði upp sögu landsmóta UMFÍ, en síðasta hefðbundna landsmót fór fram á Selfossi 2013. Hann sagði einnig frá systursamtökum UMFÍ í Danmörku, DGI, sem eru með starfandi teymi um hvernig þeirra mót eigi að vera. Hann sagði einnig frá því hvernig kröfur fyrir unglingslandsmót hafi stóreflt frjálsíþróttaaðstöðu víða um land, vegna styrkja frá ríkinu vegna uppbyggingar landsmótsstaða. Sú krónutala hefur hins vegar lækkað mikið undanfarin ár og væntanlega verði ekki fleiri frjálsíþróttavellir byggðir vegna þessara styrkja. Hann sagði svo að mótin hafi bara gengið nokkuð vel og það sé í sjálfu sér ekki mikið sem þurfi að breyta. Hann lagði áherslu á að mótin þurfi að vera bæði keppni og skemmtun fyrir krakkana. Hann fjallaði líka um landsmót 50+. Það sé gott að þau mót hafi farið víða og á staði sem almennt hafa ekki burði til að halda unglingslandsmót.

Ragnheiður Högnadóttir UMFÍ þakkaði fyrir góðar umræður. Hún hefur mætt á öll unglingslandsmót frá upphafi.

Íþrótt- og æskulýðslög

Guðmundur G. Sigurbergsson formaður fjárhags- og greiningarnefndar UMFÍ fór yfir núgildandi íþróttalög og fyrirhugaðar breytingar. Hann kynnti einnig fjögur áhersluatriði sem stjórn hefur tekið saman og send verða á ráðherra íþróttamála. Hann bauð að lokum öllum fundarmönnum að undirrita bréf þar sem áhersluatriðin koma fram. Bréfið verður svo sent Mennta- og barnamálaráðherra.

Helgi Sigurður Haraldsson HSK fjallaði um rekstrarumhverfi íþróttahreyfingarinnar. Það dugi ekki að ráðamenn ríkisins og sveitarfélaga hæli hreyfingunni á tyllidögum, heldur verði fjármunir að fylgja. Það skiptir máli að íþróttæfingar og alls kyns hreyfing sé í boði í öllum samfélögum. Þar eru íþróttafélögin lykilaðilar. Staðan er alvarleg og jafnvel spurning hvort sveitarfélög sjái bara um þetta alveg. Ef sveitarfélög vilja að það sé íþróttastarfsemi í sveitarfélaginu verður því að fylgja umtalsvert fjármagn.

Ingvar Sverrisson ÍBR tekur undir nánast hvert einasta orð Helga. Hann fagnar einnig bréfinu sem verður sent til ráðherra og hvetur til að sem flestir skrifi undir það. ÍBR og UMSK munu halda ráðstefnu um rekstrarumhverfi félaganna í nóvember. Hann lýsti einnig svolitlum efasemdum um nýja afreksstefnu.

Einar Kristján Jónsson Vesturhlíð hefur verið sveitarstjóri í tíu ár og horfir í þetta skipti á hlutina frá því borði. Ungmennafélögin í Skaftárhreppi, þar sem Einar er sveitarstjóri núna, voru sameinuð í eitt nýverið og sveitarfélagið hefur gert samstarfssamning við nýtt félag. Hann velti fyrir sér hvort fundurinn vilji ekki bara einfaldlega skipta íþróttahreyfingunni upp, þannig að einungis sérsamböndin yrðu undir ÍSÍ og íþróttahéruðin hjá UMFÍ. Kannski væri rétt að stíga skrefið alla leið.

Fundarstjóri fjallaði um keppnisrétt ungra iðkenda sem er nýlega fluttur til landsins.

Guðmundur G. Sigurbergsson formaður fjárhags- og greiningarnefndar UMFÍ dró umræðuna saman. Bréfið sem verið er að undirrita er mikilvægt fyrsta skref til að hreyfingin láti í sér heyra. Ljóst er að það þarf mun meiri peninga inn í málaflokkinn svo hægt sé að sinna honum með sómasamlegum hætti.

Svæðisstöðvar íþróttahéraða

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ sagði frá stöðunni varðandi svæðisstöðvar íþróttahéraðanna. Hún þakkaði tengiliðahópnum fyrir sín störf, en í honum sat einn fulltrúi frá hverju svæði til að ákveða ýmis tæknileg atriði. Hún fjallaði einnig um hvatasjóðinn, sem hægt er að sækja um í til að efla þátttöku fatlaðra barna, barna frá tekjulægri heimilum og auka þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

FUNDARSLIT

Fundarstjóri þakkaði fyrir sig og gaf Jóhanni Steinari Ingimundarsyni formanni orðið. Formaður þakkaði starfsmönnum þingsins fyrir góð störf og starfsfólki UMFÍ fyrir góðan undirbúning. Hann þakkaði einnig öllum fyrir komuna, óskaði öllum góðrar heimferðar og sleit fundi kl. 15:10.

FUNDINN SÁTU:

Birna Hannesdóttir, HHF

Jenný Hólmsteinsdóttir, HSB

Laufey Bjarnadóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir, HSH

Helgi S. Haraldsson og Engilbert Olgeirsson, HSK

Erla Björk Hlynsdóttir, HSS

Hafsteinn Már Andersen, HSV

Gyða Björk Bergþórsdóttir, ÍA

Helga Björg Ingvadóttir og Birna Baldursdóttir, ÍBA

Elísabet Ólafsdóttir, ÍBH

Ingvar Sverrisson, ÍBR

Rúnar Arnarson og Ólafur Bjarnason, ÍRB

Petra Rut Rúnarsdóttir, ÍS

Jóhanna Sigrún Árnadóttir, UDN

Benedikt Jónsson, UÍA

Óskar Þórðarson, UÍF

Guðrún Þórðardóttir og Bjarney Bjarnadóttir, UMSB

Sigurður Eiríksson, UMSE

Victor Ingi Olsen, UMSK

Thelma Knútsdóttir, UMSS

Snjólaug M. Jónsdóttir, USAH

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, USÚ

Ómar Eyjólfsson, USVH

Árni Jóhannsson, USVS

Einar Kristján Jónsson, Vesturhlíð

STJÓRN UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Jóhann Steinar Ingimundarson, Gunnar Þór Gestsson, Ragnheiður Högnadóttir, Guðmundur G. Sigurbergsson, Gunnar Gunnarsson, Sigurður Óskar Jónsson, Málfríður Sigurhansdóttir, Ásgeir Sveinsson, Guðmunda Ólafsdóttir, Hallbera Eiríksdóttir og Rakel Másdóttir

STARFSFÓLK UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Auður Inga Þorsteinsdóttir, Einar Þ. Eyjólfsson, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Ómar Bragi Stefánsson, Sigurður Guðmundsson og Elísabet Hrund Salvarsdóttir

AÐRIR GESTIR:

Starfsfólk svæðastöðva ÍSÍ og UMFÍ; Sveinn Sampsted, Íris Svavarsdóttir, Petra Ruth Rúnarsdóttir, Sigurður Friðrik Gunnarsson, Heiðar Mar Björnsson, Álfheiður Sverrisdóttir, Hansína Þóra Gunnarsdóttir, Þóra Pétursdóttir, Halldór Lárusson, Sigríður Inga Viggósdóttir, Birna Hannesdóttir, Guðbjörg Ebba Högnadóttir, Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, Rákel Magnúsdóttir, Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir, Hanna Carla Jóhannsdóttir.